

REGLUR

**nr. 413/2006 um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við [hjúkrunarfræðideild]⁵
Háskólans á Akureyri, með breytingum nr. 1172/2010, nr. 391/2021 og nr. 593/2022.**

1. gr.

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði er ákveðinn af háskólaráði árlega að fengnum tillögum sviðsins.

Við val á þessum nemendum er beitt eftirfarandi reglum:

1. Prófað er í öllum þeim námskeiðum, sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.
2. Prófað er úr fimm námskeiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

[Hjúkrunarfræði I (6 ECTS ein.)	20%
[Siðfræði heilbrigðisstétta] ⁴ (6 ECTS ein.)	20%
Líffærafræði I (4 ECTS ein.)	15%
Vinnulag í háskólanámi (6 ECTS ein.)	20%
Vefja- og frumulíffræði (8 ECTS ein.)	25%] ¹
3. Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum og hálfum tölum, frá 1–10. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.
4. Skipa skal prófdómara skv. reglum, sem um þá gilda, (sbr. gildandi prófareglur HA) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum og hálfum tölum og er meðaltal einkunnar kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.
5. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum [hjúkrunarfræðideildar.]^{2 og 6}
6. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið. Það sama gildir um nemanda sem ekki mætir til prófs vegna veikinda barns. Ef halda þarf sjúkrapróf skulu þau haldin svo fljótt sem auðið er.
7. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmisseris 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi meðaleinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.
8. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái sá fjöldi nemenda, sem háskólaráð hefur ákveðið, lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum, skal brugðist við með eftirfarandi hætti: Nemendum sem ekki náðu lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum er raðað eftir lækkandi meðaleinkunn. Sá sem hefur hæsta meðaleinkunn hlýtur fyrsta lausa sætið og síðan koll af kalli eftir lækkandi meðaleinkunn þar til nemendatölunni er náð. Að þessu vali loknu gilda almennar prófareglur háskólans.

9. [Hafi nemendur, sem öðlast hafa rétt til setu á vormisseri 1. námsárs, ekki staðfest fyrir lok fyrsta dags í janúar að þeir muni þiggja sætin, skal þeim sem hæstu meðaleinkunn hafa meðal brottfallinna nemenda boðin sætin, skv. 7. og 8. tölulið 1. gr. reglna þessara.]⁷
10. Nemendum sem ekki veljast til náms á vormisseri samkvæmt reglum um fjöldatakmarkanir er ekki heimil frekari skráning í námskeið við [hjúkrunarfæðideild]³ og ⁸ það skólaár.
11. Ef það er fyrirjácánlegt fyrir upphaf prófatímabils samkeppnisprófa, að færri nemendur komi til með að þreyta prófin en sá fjöldi sem ákveðið hefur verið að öðlast skuli rétt til náms á vormisseri 1 árs, falla reglur þessar sjálfkrafa úr gildi.
12. Háskólaráði er heimilt í sérstökum tilvikum að veita undanþágur frá reglum þessum.
 - 1) Breytt með reglum nr. 1172/2010.
 - 2) Breytt með reglum nr. 1172/2010.
 - 3) Breytt með reglum nr. 1172/2010.
 - 4) Breytt með reglum nr. 391/2021.
 - 5) Breytt með reglum nr. 593/2022.
 - 6) Breytt með reglum nr. 593/2022.
 - 7) Breytt með reglum nr. 593/2022.
 - 8) Breytt með reglum nr. 593/2022.

2. gr.

Reglur þessar, þannig samþykktar af háskólaráði, skv. lögum nr. 85/2008 með síðari breytingu og Reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 staðfestast hér með og tóku gildi 15. ágúst 2010.

Háskólanum á Akureyri, 12. apríl 2006.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Anna Þóra Baldursdóttir,
varaforseti háskólaráðs.